

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Eldisstöðin Íspór hf Ölfusi



<b>Dags eftirlits</b>	8.10.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Eldisstöðin Íspór hf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Nesbraut 25	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660509-0380	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þórarinn Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sverrir Valdemarsson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram við eftirlitið, en þrjár ábendingar eru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
  - o Breyting á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
  - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóðum og aðkoma.

Síðan seinasta eftirlit fór fram tók nýtt og stækkað starfsleyfi gildi, eða í maí sl. Eldra leyfi tók til framleiðslu á allt að 600 tonnum á ári af laxa- og regnbogasilungsseiðum, en nýtt leyfi heimilar allt að 1800 tonnum af laxfiskum í stöðinni á hverjum tíma.

Við seinasta eftirlit var ekkert nýtt frávik sett fram og engin opin frávik voru frá seinustu eftirlitum. Tvær ábendingar voru gerðar en snéru að úrgangi á svæðinu vegna framkvæmda og töku vatnssýna. Brugðist hefur verið við ábendingum eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðilar fóru yfir ákvæði nýs starfsleyfis og breytingar frá eldra starfsleyfi með fulltrúum rekstraraðila.

Farið var yfir niðurstöður áhættumats ársins 2020 og þá breytingu sem hefur orðið á flokkum.

Framleiðsla ársins 2020 var rúm 530 tonn.

Frárennsli rekstraraðila er ekki hreinsað en tekin eru mánaðaleg sýni úr vatni við báðar frárennslisútrásir. Heildarfosfór, heildarköfnunarefni og ammoníak er mælt í sýnunum. COD og svifagnir voru mældar í öðru sýninu í janúar 2021 og bendir stofnunin á að mæla skuli COD og svifagnir í frárennslisvatni frá báðum útrásum. Stofnunin bendir einnig á að mæla skuli einnig við inntak vatns í stöðina, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi, svo hægt sé að leggja mat á losunina. Heildarköfnunarefni og heildarfosfór skal einnig mælt við inntak og útrás, a.m.k. einu sinni á ári við hámarksfóðrun.

Fastefni sem áður féll til við hreinsun eldisvatns til endurnýtingar fór í urðun. Efnið fer nú í viðtaka í frárennsli. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna meðhöndlunar fastefnis frá landeldisstöðvum sem uppfærðar voru 26. júní sl. voru sendar rekstraraðila við boðun eftirlits.

Dauðfiskur sem fellur til við flokkun og afföll í töluverðu magni fara í endurnýtingu hjá Fóðurstöð Suðurlands. Dauðfiskur sem fellur til við dagleg afföll fer í meltu, en í hana er notuð maurasýra. Stofnunin bendir á draga skuli úr urðun lífbrjótanlegs úrgangs eins og kostur er og huga skuli að endurnýtingarleiðum meltunnar, sem þó skuli ávallt vera í samræmi við regluverk um meðhöndlun aukaafurða úr dýrum, sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Lyf og spilliefni eru geymd á fullnægjandi hátt og varúðarmerkingar til staðar.

Við vettvangsheimsóknina var rekstraraðila bent á að olúgeymar sem væru á staðnum, annars vegar gamall olúgeymir rekstraraðila og hinsvegar olúgeymir á vegum verktaka á staðnum, uppfylltu ekki kröfur reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi, m.a. m.t.t. árekstrarvarna. Rekstraraðili sendi staðfestingu þann 7. janúar sl. að geymarnir hefðu verið fjarlægðir og til staði að fá nýjan geymi sem uppfyllti kröfur reglugerðar.

Snyrtilegt var um að lítast á athafnasvæði rekstraraðila. Rekstraraðila var bent á að fjarlægja olúgeymi sem ekki væri í notkun og uppfylltu ekki ákvæði reglugerðar sbr. umfjöllun hér að ofan.

#### ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að mæla skuli lífrænt efni (COD, BOD5, eða TOC) og svifagnir í útrás beggja frárennislagna eldisins. Einnig skal mæla við inntak vatns í stöðina, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi, svo hægt sé að leggja mat á losunina. Heildarköfnunarefni og heildarfosfór skal einnig mælt við inntak og útrás, a.m.k. einu sinni á ári við hámarksföðrun.

Einnig er rekstraraðila bent á að huga að endurnýtingarleiðum á meltu, sem þó skulu vera í samræmi við regluverk um aukaafurðir úr dýrum, sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Eftirlitsaðili benti rekstraraðila einnig á að fjarlægja olúgeymi sem ekki væri í notkun og uppfyllti ekki ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili sendi staðfestingu þann 7. janúar sl. á því að olúgeymirinn hefði verið fjarlægður.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.02.2022

  
Hulda Soffía Jónasdóttir